ÁRBÆJARSKÓLI

# Starfsþróunaráætlun Árbæjarskóla 2026-2029



## Starfsþróun kennara

Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sí- og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og eigin starfsþróunaráætlun.

Gert er ráð fyrir að grunnskóli setji fram starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna.

### Tími til starfsþróunar

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til starfsþróunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102, er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

### Starfsþróunaráætlun

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum og/eða þróunarvinnu næsta skólaárs á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029

**Markmiðið er að styðja við kennara og aðra fagaðila innan skólans og styrkja þá í eftirfarandi þáttum:**

## 1. Gæði kennslu – leiðsögn verður fengin frá ýmsum sérfræðingum og úr jafningjahópnum

- Áfram verður unnið að gæðum kennslu í anda aðalnámskrár grunnskóla, leiðsagnarmats/leiðsagnarnáms. Stjórnendur og kennarar/aðrir fagaðilar lesa saman greinar og bækur sem fjalla um þessi mál og setja markmið fyrir skólann. Horft verður til þátta eins og skipulagningar og uppbyggingar kennslustunda, virkni nemenda, samvinnu og aukinna samræðna í kennslustundum, ábyrgðar nemenda á eigin námi, reglulegri endurgjöf o.fl. Þá verður lögð aukin áhersla á gæði innlagna og kveikja í kennslu. Horft til einkenna góðra kennslustunda skv. Skilgreiningu Schmorkers:

- Að kennarinn sé virkur
- Skýr markmið með kennslustundinni
- Byrjað á því að ræða efnið (horfa til baka), tengja
- Kennt í smá skömmtum (small manageable chunks)
- Kennarastuddar æfingar (t.d. í pörum)
- Skilningur kannaður á hverjum „skammti“
- Einstaklingsvinna –
- Mat

**Markmið:** Að starfsfólk fái í hendur verkfæri til að þróa og efla kennslu og gera kennslustundir enn markvissari.

**Verkefni skólaársins 2026-2027:** „Sameiginlegur“ lestur nýju bókarinnar um leiðsagnarnám.

ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029

## 2. Læsi í fjölbreyttri mynd – Leiðsögn og stuðningur verður m.a. frá Miðju máls og læsis

Mikilvægi lesturs er óumdeilt og er það staðreynd að erfiðleikar í læsi er ein aðalástæða þess að nemendur eru í sérkennslu, útskrifist ekki úr framhaldsskóla auk þess sem þetta veikir stöðu þeirra í samfélaginu. Ákveðnar verða og formgerðar áherslur í lestrarkennslu á öllum skólastigum og sett verða markmið fyrir hvert aldursstig í samvinnu við lestrarfræðinga. Áhersla verður á „læsisþjálfun“ sem hluta af kennslu allra námsgreina sem birtast mun í kennsluáætlunum. Lestrarstefna Árbæjarskóla verður uppfærð samhliða og þróuð enn frekar og skerpt á viðbrögðum við skimunum og hlutverki hvers og eins er að nemendum koma. Áfram verður unnið eftir áherslum Byrjendalæsis á yngsta stigi skólans sem fylgt er eftir með smiðjum og markvissri eftirfylgni**.** Byggð verður upp þekking innan skólans með markvissum hætti og verða námskeið og kynningar aðlagaðar að skólastigum. Áherslan verður á:

- Lestur, ritun, orðaforðavinna og talað mál innan og utan kennslustunda.
- Vinnu með fjölbreytta og misþunga texta, líka flókna texta. Miðla-, umhverfis-, menningar-, heilsu- og fjármálalæsi.
- Áhersla á ÍSAT og að allir nemendur skólans tali íslensku
- Fræðsluerindi fyrir foreldra um mikilvægi læsis á öllum skólastigum t.d. á skólasetningu haustið 2026. Lögð verður sérstök áhersla á mikilvægi heimalestrar og yndislestrar og foreldrum og nemendum bent á leiðir. Áfram unnið að innleiðingu lestrarappsins „Læsir“.

**Markmiðið** er að gera það hluta af skólamenningunni að huga ávallt að læsi í sinni víðustu mynd og vinna markvisst að því í öllum námsgreinum.

# Helstu áherslur og markmið 2026 - 2029

## 3. Gervigreind í kennslu – leiðsögn frá utanaðkomandi sérfræðingum og úr jafningjahópnum

Horft verður jafnt til nemenda sem kennara/annarra fagaðila við nálgun þessa þáttar í skólastarfinu. Áhersla á að efla þá í notkun gervigreindar í skólastarfinu og hvernig nýta má tæknina til að auka á fjölbreytni verkefna, kennsluaðferða og skapandi starfs innan faggreina. Þá verður horft sérstaklega til þess að styðja kennara/aðra fagaðila til frekari notkunar gervigreindarinnar sem styrkir þá enn frekar til að kynna þetta hagnýta verkfæri fyrir nemendum sem stuðning við nám þeirra og hvernig þeir geti nýtt það til upplýsingaöflunar og skipulagningar náms, þýðinga, yfirlesturs o.s.frv.. Áhersla verður á siðferðisþáttinn í notkun gervigreindarinnar, hvað er leyfilegt og hvað ekki. Unnið verður að verklagsreglum þar sem skýrt er hvernig tryggt verður að nemendur vinni verkefnin sín sjálfir og hvaða viðurlög eru við óréttmætri notkun gervigreindarinnar í skólastarfinu.

## 4. Bekkjarstjórnun og agamál – leiðsögn frá utanaðkomandi aðilum s.s. KVAN

Áhersla á bekkjarstjórnun og agamál þar sem farið er yfir hvaða verkfæri eru best til þess fallin að bæta bekkjarstjórnun og um leið líðan, bekkjarbrag og námsárangur nemenda. Skerpt verður á verkferlum skólans í agamálum, samskiptum og samvinnu við foreldra. Markmið þessa er að auka sjálftraust og þekkingu kennara/annarra fagaðila til að vinna að agamálum og bekkjarstjórnun á jákvæðan og skýran hátt og efla foreldrasamskipti. Með öflugri bekkjarstjórnun og skýrum verkferlum í agamálum er unnið gegn neikvæðum þáttum eins og einelti, samskiptavanda og meiðandi hegðun.

## 5. Nám fyrir alla og fjölmenningarlegt skólastarf – leiðsögn utanaðkomandi aðila og úr jafningjahópnum

Horft verður til þess hvernig best er að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda og hvernig stigskiptum stuðningi er best háttað inni í árgöngum/hópum. Þá verður aukin áhersla á fræðslu um menningarmun og fjölmenningarlegt skólastarf. Marmiðið er að auka skilning kennara/annarra fagaðila á menningu og þörfum nemenda af erlendum uppruna og koma til móts við það í skólastarfinu. Horft verður sérstaklega til menningarmunar, fjölmenningar og samskipta.

ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029

**6. Tækni og þjálfun – leiðsögn utanaðkomandi aðila og úr jafningjahópnum**

Horft verður sérstaklega til þeirra verkfæra sem nú þegar er unnið með í skólanum eins og Google Classroom og ýmissa stuðningsforrita sem nýtt eru til að aðlaga og auðvelda nám og skipulag náms nemenda. Hvernig má t.d. nýta tæknina við lestur og ritun eða nota talgervla sem lesa upp texta og talgreina sem færa talað mál í texta. Námskeið fyrir kennara í forritun, sem tungumáli framtíðarinnar, til að styrkja kennara og aðra fagaðila í kennslu nemenda.

7. **Mentor –** eftir þörfum í samræmi við nýjungar og uppfærslur kerfisins. Sérstök kynning þegar nýir kennarar/fagaðilar hefja störf við skólann.

**8. Búi** – Kennsla á rafræna upplýsinga- og umsjónarkerfi hjá Reykjavíkurborg þar sem haldið er utan um skjöl, mál og verkefni og gögn nemenda. Námskeið eftir þörfum í samræmi við nýjungar og uppfærslur kerfisins.

9. **Kennsla nemenda með sérþarfir**



ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029

**Einstaklingsmiðuð starfsþróun eftir starfssviði / hvert fag /hvert skólastig – val kennara/þroskaþjálfa**

**Markmið: Að tryggja árangursríka kennslu og að auka ánægju, áhuga, ábyrgð og árangur nemenda á námi.**

**Möguleg verkefni:**

- Þemakennsla á öllum skólastigum,starfendarannsókn
- Þróunarstarfið í bekknum, hvað gengur vel, hvað má betur fara og hvernig þróa ég starfið áfram?
- Nýjar útfærslur í kennslu? Gerð hagnýtar, samfelldrar kennsluáætlunar (námskrár) og hvernig gengur að fylgja henni?
- Þróa skipulag kennslustunda



## Starfsþróun starfsfólks (annarra en kennara)

Starfsþróun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti:

**Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig**.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi **út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta skólaárs** og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla.

Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í starfsþróun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða til að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem því er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla enda séu námskeiðin á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu.



ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029

## Markmiðið er að styðja við stuðningsfulltrúa - leiðsögn fagaðila innan skólans og utan

Lögð verður áhersla á fjölbreyttan bakgrunn nemenda og mismunandi þarfir. Horft verður til námskeiða sem nýtast hverjum og einum í ólíkum störfum sínum. Regluleg örnámskeið fyrir stuðningsfulltrúa sem þroskaþjálfi og deildarstjóri stoðþjónustu halda utan um. Sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Auka skilning á ólíkum þörfum nemenda
- Samskipti við nemendur og fagfólk innan skólans

## Markmiðið er að styðja við skólaliða – leiðsögn fagaðila innan skólans og utan

Lögð verður áhersla á að styrkja skólaliða í því fjölbreytta starfi sem hver og einn sinnir
Sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Íslenskunámskeið
- Námskeið í þrifum – kennsla í að nota áhöld og efni
- Auka skilning á ólíkum þörfum nemenda
- Samskipti við nemendur og foreldra
- Sérhæfð námskeið á vegum SFS s.s. öryggisnámskeið



**Skólaliðar í mötuneyti:**

- Sérhæfð námskeið á vegum SFS eða fagfélaga
- Annað eftir þörfum

**Skrifstofufólk**

- Mentor
- Tölvunámskeið

ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029

**Haldin verða námskeið þvert á starfsemina** sem nýtast eiga öllum starfsmönnum skólans í vinnu með nemendum. Markmiðið er að styðja við alla starfsmenn skólans til eflingar í starfi til að nemendum líði vel innan sem utan kennslustunda og að þeir séu studdir í því að bera ábyrgð á námi sínu, líðan sinni og annarra (eins og hægt er) svo og framkomu.




Helstu áhersluþættir:

- Eldvarnarnámskeið og rýmingaræfingar ár hvert
- Skyndihjálparnámskeið (ágúst 2027)
- Slysavarnir barna (ágúst 2026)
- Heilsuefling starfsmanna – sértæk markmið fyrir hvert skólaár
- Starfsumhverfið / EKKO námskeið (ágúst 2027) auk sértækra námskeiða fyrir hvert skólaár s.s. öryggi á vinnustað, traust  samvinna, tekist á við álag í starfi og sigrast á streitunni, vinnustaðamenning o.fl
- Forvarnir almennt í starfi með börnum og ungmennum (öll skólaárin)
- Kynning á viðbrögðum frá borginni vegna ofbeldis og hegðunarvanda nemenda
- Fjölbreytileiki og menningarmunur (2026)

**Einstaklingsmiðuð starfsþróun eftir starfssviði / hvert fag /hvert skólastig – val kennara/þroskaþjálfa**

**Markmið: Að tryggja árangursríka kennslu og að auka ánægju, áhuga, ábyrgð og árangur nemenda á námi.**

**Möguleg verkefni:** Þemakennsla á öllum skólastigum,starfendarannsókn – þróunarstarfið í bekknum, hvað gengur vel, hvað má betur fara og hvernig þróa ég starfið áfram? Nýjar útfærslur í kennslu? Gerð hagnýtar, samfelldrar kennsluáætlunar (námskrár) og hvernig gengur að fylgja henni?  Þróa skipulag kennslustunda

**Allir starfsmenn skólans**

ÁRBÆJARSKÓLI

# Helstu áherslur og markmið 2026 -2029 frh.

**Horft er til eftirfarandi leiðbeinenda/fyrirlesara**

- KVAN
- Menntavísindasvið v. sérkennslu og stoðþjónustu
- Vanda Sigurgeirsdóttir lektor og ráðgjafi
- Skúli Bragi Geirdal fjölmiðlafræður
- Hafrún Kristjánsdóttir, prófessor við Íþróttadeild Háskólans í Reykjavík
- Soffía Ámundadóttir kennslufræðingur og ráðgjafi
- Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur (vinnuumhverfi, kvennavinnustaður)
- Sérfræðingar frá MML

# Áætlun vegna 102 stunda kennara
# þ.e. utan skólatíma og/eða vinnuramma

| Námskeið | Fjöldi klukkustunda |
|---|---|
| | |
| **Námskeið utan vinnutíma að vetri.** | **24 klst.**<br>(þetta telja 24 klst. þar sem reiknað er 33% álagi. Þetta væru 32 klukkustundir ef þetta yrði unnið í júní eða ágúst) |
| **Námskeið að sumri, gerð kennsluáætlana, skólanámskrár og undirbúningur kennslu (utan starfsdaga).** | **70 klst.**<br>(16 klst. í námskeið og 54 klst. Í undirbúning, Ef ekki verður af námskeiði að sumri þá bætist tíminn við undirbúning.) |
| Viðbótarnámskeið / kynningar munu falla innan vinnutíma eða starfsdaga að hausti og/eða vori. | |

**ATHUGIÐ:**
Starfsfólk skal gera ráð fyrir því að námskeið geti hafist tveimur dögum áður en starfsdagar hefjast að hausti og gera skal ráð fyrir einum námskeiðsdegi eftir síðasta starfsdag.

Kennarar/fagfólk má gera ráð fyrir að einn dagur í viku verði til kl. 17:00 u.þ.b. 1x í mánuði

# Áætlun vegna 50 stunda þroskaþjálfa
# þ.e. utan vinnutíma og/eða vinnuramma

| Námskeið | Fjöldi klukkustunda |
|---|---|
| | |
| **Námskeið utan vinnutíma að vetri.** | **10 klst. með álagi**<br>(annars væru það 13 klukkustundir) |
| **Námskeið að sumri, gerð þjálfunar/kennsluáætlana, skólanámskrár og undirbúningi þjálfunar (utan starfsdaga).** | **37 klst.** |
| Viðbótarnámskeið / kynningar munu falla innan vinnutíma eða starfsdaga að hausti og/eða vori. | |

**ATHUGIÐ:**
Starfsfólk skal gera ráð fyrir því að námskeið geti hafist tveimur dögum áður en starfsdagar hefjast að hausti og gera skal ráð fyrir einum námskeiðsdegi eftir síðasta starfsdag.

Kennarar/fagfólk má gera ráð fyrir að einn dagur í viku verði til kl. 17:00 u.þ.b. 1x í mánuði




# Hvað er starfsþróun?

Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að öðlast tilætlaða hæfni.

**Sem starfsþróunar flokkast:**

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila (þ.e. sem skólastjórar samþykkja).
- Skipulagðir leshringir / starfsrýni.
- Örnámskeið og kynningar á fundatímum kennara (telst ekki hluti af 102 tímunum en skráist sem símenntun).
- Umbóta- eða þróunarverkefni (telst ekki hluti af 102 stundunum nema sérstaklega sé um það samið og verkefnið sé unnið utan vinnutíma).
- Framhaldsnám (sjá nánar leikreglur um framkvæmd símenntunar).

# Fjármögnun starfsþróunar

| **Skóli greiðir 100%**<br>**Vinnustaður greiðir laun starfsmannsins og þátttökugjöld** | **Starfsmaður greiðir eða skóli og starfsstaður skipta kostnaði á milli sín (samningsmál)** | **Starfsmaður fjármagnar starfsþróun sjálfur** |
|---|---|---|
| • Starfsþróunin er starfstengd, að ósk stjórnandans og þátttaka er innan/utan vinnutíma<br>• Starfsþróunin er starfstengd, forgangsmál – þátttaka í vinnutíma. | • Starfsþróunin er starfstengd en ekki forgangsmál – þátttaka innan eða utan vinnutíma.<br>• Starfsþróunin er hugsanlega starfstengd, að ósk starfsmannsins og utan vinnutíma. | • Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf hjá vinnuveitandanum. |

# Leikreglur um framkvæmd starfsþróunar

- **Ábyrgð skólans**: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Aðstoðarskólastjórar og deildastjóri eru skólastjóra til aðstoðar.
- **Ábyrgð starfsmanna**: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin starfsþróunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð starfsþróunaráætlunar skólans.
- **Tímasetningar**: Undirbúningur starfsþróunaráætlunar skólans er á vorönn.
- **Tími til starfsþróunar**: Tími til starfsþróunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 102 stundir til starfsþróunar (og undirbúnings) á ári, þroskaþjálfar 50 stundir og annað starfsfólk a.m.k. 16 stundir á ári.
- **Jafnræði til náms**: Reynt verður að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.
- **Endurskoðun**: Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Starfsþróunaráætlun er endurskoðuð reglulega en tímamörk varðandi tímasetningar utan starfstíma skóla skal þó haldið.

# Leikreglur um framkvæmd starfsþróunar (frh.)

- **Tilbúin starfsþróunaráætlun**: Starfsþróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á vefsíðu Árbæjarskóla.
- **Framhaldsnám/meistaranám:** Framhaldsnám, á sviði kennslufræða/ stjórnunar (eða á sviði sem skólastjóri metur að tengist beint starfi viðkomandi) í fjarnámi, er styrkt af skóla með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur að hámarki **í 5 daga á ári**. Þess í stað kynna fjarnámsnemendur verkefni sín á kennarafundum. Framhaldsnám telst ekki hluti af 102 tímunum nema það tengist beint starfsþróunaráætlun skólans og eftir því verði sótt skriflega. Skrá skal framhaldsnám sem hluta af einstaklingsáætlun starfsmanns. Sækja þarf um til skólastjóra tímanlega ef starfsfólk óskar eftir leyfi vegna framhaldsnáms en skólastjóra er heimilt að synja slíku leyfi.
- **Sótt um námskeið:** Starfsmenn sækja um námskeið til stjórnenda í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. **Forgangsraðað** verður í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.




**Birt með fyrirvara um breytingar á þessu þriggja ára tímabili**